



Alþýðusamband Íslands

Nýr tónn í atvinnustefnu ASÍ

Nýr tónn var sleginn í umfjöllun um atvinnumál á ársfundi ASÍ í síðasta mánuði. Hingað til hafa umhverfismál ekki verið mjög sýnileg í stefnu sambandsins. Nú er hins vegar ljóst að sambandið leggur ríka áherslu á sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda við uppbyggingu öflugs atvinnulífs til framtíðar. Með þessu er um leið verið að bregðast með ábyrgum hætti við þeim ógnum sem steðja að náttúrunni og lífríkinu vegna loftslagsbreytinga.

Í ályktun ársfundarins um atvinnumál koma m.a. fram eftirfarandi áherslur:

- Ísland býr yfir miklum framtíðarmöguleikum og verðmætum við atvinnuuppbyggingu sem grundvallast á sjálfbærri nýtingu auðlinda okkar; afurða til lands og sjávar, hreinnar orku og náttúrunnar. Sama gildir um þann mannauð sem í þjóðinni býr.
- Þrýstingur á aukna virkjun bæði fallvatna og jarðvarma mun aukast á næstu árum. Það er því mikilvægt að mótuð verði markviss stefna í auðlinda- og umhverfismálum, á sjálfbærum grunni. Þannig má skapa skilyrði til að íslenskt samfélag verði á næstu áratugum að mestu sjálfbært á sviði orkunýtingar með því að skipta út jarðefnaeldsneyti fyrir hreina orkugjafa.
- Auka á fjárfestingar í tækni sem leiðir til minni losunar gróðurhúsalofttegunda. Ef rétt er að málum staðið mun þetta leiða til nýsköpunar t.d. í orkuiðnaði, efna- og lífefnaíðnaði og endurvinnslu.
- Uppbygging atvinnulífs á sjálfbærum grunni og aðgerðir til að sporna við loftslagsbreytingum þýða margháttaðar breytingar í atvinnulífinu. Setja verður fram skýra áætlun sem miðar að því að aðstoða launafólk við að takast á við þessar breytingar með jákvæðum hætti.
- Aðlaga þarf menntakerfið að nýrri atvinnustefnu og skapa þannig ungu fólki tækifæri til að taka öflugan þátt í uppbyggingunni sem framundan er. Um leið þarf að vinna markvisst að því að skapa tækifæri og hvata til menntunar og endurmenntunar fyrir fólk á vinnumarkaði þannig að það geti nýtt þau nýju tækifæri sem bjóðast.
- Styrkja verður grunngerð samfélagsins; samgöngur, upplýsingaveitur og flutningskerfi raforku. Mikilvægt er að atvinnuuppbygging til framtíðar taki mið af þeim margbreytilegu kostum sem er að finna um land allt þar sem styrkleikar hvers svæðis og sköpunarkraftur íbúanna eru virkjaðir.
- Nýta verður möguleika sem hefðbundnar greinar íslensks atvinnulífs, sjávarútvegur og landbúnaður þ.m.t. garðyrkja og fullvinnsla afurða, eiga til að sækja fram á erlendum markaði á grundvelli hreinnar framleiðslutækni og grænna gilda. Sama gildir um ferðapjónustuna sem býður upp á fjölbreytta þróunarmöguleika.
- Setja þarf skýrari reglur um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja. Þetta gildi um endurreisn atvinnulífsins sem nú stendur yfir svo og til framtíðar þannig að samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja verði eðlilegur þáttur í allri umfjöllun og ákvarðanatöku í atvinnulífinu.

Ályktun ársfundarins um atvinnumál má nálgast á þessari slóð

http://www.asi.is/Portaldata/1/Resources/rsfundur/lyktun_um_atvinnum_1-lok.pdf

Stefán Úlfarsson,
hagfræðingur